

Tækniminjasafn Austurlands

Fundargerð

Miðvikudagur, 27. janúar 2021 kl. 18:00.

Fundað í gegnum fjarfundabúnað Teams.

Mætt á fundinn: Zuhaitz Akizu, Skúli Vignisson, Bjarki Borgþórsson, Ingirafn Steinarsson, Tinna Guðmundsdóttir sem ritar fundargerð.

1. Staðan í dag

- Zuhaitz rennur hratt yfir helstu verkefni síðustu daga.
- Unnið er hörðum höndum að rústabjörg. Sex manna teymi verið að grisja og bjarga munum úr aðalbyggingunni/renniverkstæði.
- Mununum er komið fyrir í fiskikörum og sett í tímabundna geymslu í Mjölskemmunni. Þar er farið nánar yfir hvern og einn hlut og grisjað.

2. Neyðarverkefni og fjárhagsstaðan

- Vinnuhópurinn sem var settur saman í kjölfarið á aurskriðunum vann verkefnalýsingu, *Neyðarverkefni vegna björgunar muna í Tækniminjasafni Austurlands eftir aurskriði á Seyðisfirðir 18. desember 2020*, og var hún send til Menntamálaráðuneytisins.

- Vinnuhópurinn samanstendur af:

Frá Þjóðminjasafni

- Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður
- Ágústa Kristófersdóttir, sviðsstjóri munasafns
- Lilja Árnadóttir, ráðgjafi
- Freyja Hlíðkvist Ó. Sesseljudóttir, sérfræðingur munasafns
- Sandra Sif Einarsdóttir, forvörður

Frá Safnaráði

- Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri
- Ingibjörg Áskelsdóttir, tengiliður eftirlitsnefndar Safnaráðs

Frá Tækniminjasafni Austurlands

- Zuhaitz Akizu, safnstjóri
- Elfa Hlín Pétursdóttir, ráðgjafi

Frá Austurbrú

- Jónína Brynjólfsdóttir, verkefnastjóri

Frá Minjasafni Austurlands

- Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri

Frá Héraðsskjalasafni Austfirðinga

- Bára Stefánsdóttir, héraðsskjalavörður

Frá Múlaþingi

- Aðalheiður Borgþórsdóttir, atvinnu- og menningarstjóri

- Ráðuneytið samþykkti að setja 4 milljónir í fyrsta verkþátt.
- Þar að auki hefur Safnasjóður samþykkt að verkefnastyrkur, upp á 1 milljón sem fékkst fyrir verkefnið árið 2021, megi nota í björgunarstörf.
- Einnig komu 5 milljónir af Fjárlögum, sem má nota í björgunarstörf.
- Zuhaitz telur fjárhagsstaða safnsins er góð næstu þrjá mánuði, en mjög erfitt er að segja til um heildarkostnað fyrir þessa þrjá mánuði eins og er.

3. Geymslur

- Safninu bráðvantar nýja safngeymslu.
- Zuhaitz hefur skoðað geymslu sem er til sölu á Egilsstöðum en sökum fjarlægðar er það óhagstætt. Hann telur tvennt í stöðunni, smíða geymslur eða leiga á Seyðisfirði.
- Stjórn ræddi möguleikana í stöðunni og Zuhaitz ætlar að athuga með húsnæði á Seyðisfirði, m.a. Fjarðargötu 8.
- Rætt um nauðsyn þess að tæma símsstöðina. Hægt væri koma þeim munum fyrir í gámi tímabundið, sem yrði svo komið fyrir innandyra.

4. Starfsmannamál

- Í dag eru tveir starfmenn á launaskrá, Zuhaitz í fullu starfi og Haraldur Björn Halldórsson eftir þörfum. Tryggvi Gunnarsson vinnur sem verktaki, einnig eftir þörfum.
- Stjórn ræddi um að nauðsynlegt sé að greina þörfina og ráða þann mannskap sem þarf. Búa þarf til gott teymi til að takast á því þetta víðfema verkefni.

5. Tryggingarmál

- Zuhaitz og Skúli greindu frá því að ekki sé búið að ganga frá lausafjártryggingunni vegna muna í eigu safnisins.
- Málið er í vinnslu.

6. Annað

- Framtíðarhugleiðingar um húsnæðismál rædd.
- Rætt um að setja upp farandsýningu sumarið 2022.
- Karólínasöfnun er í farvegi og mun fara í loftið bráðum.
- Send verður umsókn í Nýsköpunarsjóð námsmanna.